

og er upphæð þessi fyrir yfirstandandi ár borguð lögregluþjónunum úr landssjóðnum, eptir að dómsmálasjóðrinn er runninn saman við hann.

En þar sem nú fyrir fullt og allt er búið að taka ákvörðun um laun fangavardarins, við fangelsi Reykjavíkrkaupstaðar í sambandi við hegningarhúsið hér í bænum, verður samkvæmt bréfi ráðgjafans fyrir Ísland frá 18. f. m. eptirleidis að hætta að greiða ofanþessnda 62 rd., sem lagðir hafa verið til launa lögregluþjónanna, því þeir eru landssjóðnum óviðkomandi.

Þetta leiði eg ekki hjá mér að tjá hr. bjarfógetanum til þóknanlegrar leiðbeiningar að því við bættu, að hætt verður að borga ofangreinda upphæð úr landssjóðnum með lokum yfirstandandi reikningsárs.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Með þóknanlegu bréfi frá 27. þ. m. hefir hr. amtmaðrinn sent mér bréf frá sýslumanniinum í Dalasýslu af 29. f. m., er fer því fram, að breytt verði úrskurði vestramtsins frá 29. júní þ. á. um dagpeninga þá, er honum bera sem settum dómara í gjálsóknaarmáli milli Ásgeirs bónda Einarssonar og umboðsmanns Strandasýsluhjarða. Með umgetnu úrskurði amtsins eru dagpeningar þeir, 3 rd. daglega, er sýslumaðrinn hefir reiknað sér, með skýrskotun til opins bréfs 21. marz 1800 og kansellibr. 28. júlí 1840, settir niðr í 1 rd. daglega, er það er bæði í úrskurðinum tekið fram, að dagpeningar þeir, sem sýslumaðrinn hefir reiknað sér í umgetnu máli, engan veginn séu of háir, þegar á það sé litið, hversu mjög peningar hafi lækkað í verði á hinum síðari tímum, og þar að auki ítrekað í álitu hr. amtmannsins frá 27. þ. m., að 3 rd. séu í sjálfu sér ekki of háir dagpeningar handa einbættismönnum, og sýslumaðrinn í umræddu tilfelli ekki of haldinn af því, þó hann fengi þá dagpeninga, sem hann hefir reiknað sér. Samkvæmt þessu hefir hr. amtmaðrinn mælt með beiðni þeirri, er hér ræðir um.

Út af þessu skal hr. amtmanninum hér með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þó að reglur þær um dagpeninga héraðsdómara í einkamálum, sem fylgja hér, séu að finna í aukatekjureglug. 10. sept. 1830, § 15, snertir þessi grein þó að eins þær athafnir, sem hlutaðeigandi dómari fremr í sínu eigin lögsagnarumdæmi. Sé hann þar á móti skipaðr til að gegna störfum setts dómara í öðru lögsagnarumdæmi, verður ekki betr séð, en að honum, bæði eptir edli hlutarins og anda laganna, beri full endrgjald útláta þeirra, er hann getr fært sönnur á, að hafi leitt af fjærveru hans frá heimili sínu, eða að dagpeninga verði að ákveða þannig, að þeir hrökkvi til borgunar útgjaldanna. Þar sem nú álita verður, bæði eptir ásigkomulagi ferðar þeirrar, sem hér er umtalsefnið, eptir árstímanum, þegar hún átti sér stað, og eptir álitu hr. amtmannsins, að dagpeningar þeir, 3 rd. á dag, sem sýslumaðr Lárus Blöndal hefir reiknað sér, ekki fari fram yfir sannarleg útgjöld hans, veitist hr. amtmanninum hér með vald til, að borga honum umrædda dagpeninga, 3 rd. á dag, úr jafnaðarsjóði vestramtsins.

Frumvarp til reglugjörðar um slökkvilið Reykjavíkrbajar.

1. grein.

[Allir verkfærir karlmenn í umdæmi Reykjavíkrkaupstaðar, að undanskildum konunglegum embættismönnum og bjarstjórum, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði bjarins frá því þeir eru 18 vetra, uns þeir eru fimmtugir, nema sjúkulekr hamli].

2. grein.

Sérhver slökkviliði er skyldr til að koma sjálf, er á hann er skorað af fyrirlidnum

24
31sta
október.

slökkviliðsins, og vinna það, sem þeir leggja fyrir hann, hvort heldr er við eldsvoða eða að reyna áhöldin, eða þeir skulu temja sér notkun þeirra, og liggja sekt við, ef nokkur þrjózkast.

3. grein.

Slökkviliðið stendr undir umsjón og stjórn eldsvoðanefndar bæjarins, en bæjarstjórnin hefir yfirsýsni með því og yfirstjórn.

4. grein.

Aðalstjórnin yfir öllu slökkviliði bæjarins, og umsjónin með öllum slökkvitólum hans, skal falin á hendr einum manni, og heitir hann slökkviliðsstjóri. [Hann skal semja skrá yfir alla þá bæjarbúa, sem skyldir eru til slökkviliðsþjónustu, og leiðrétta hana við hvert nýár, og skal bæjarstjórninni sent eptirrit af skrá þessari]. Hann skal sjá um, að slökkviliðar allir fái skýra tilkynningu um skyldur sínar, og þeir séu vandir við verk þau, sem þeim er ætlað að vinna, svo sem nauðsyn ber til. Hann skal hafa nákvæma skrá yfir öll slökkvitöl bæjarins, og sjá um, að þau séu geymd á hentugum og góðum stað, að þeim sé vel viðhaldið, og þau bætt, ef skemmast. Hann skal því að minsta kosti tvisvar á ári hverju skoða vandlega öll slökkvitöl bæjarins og reyna þau. Hann skal og tvisvar á ári hverju líta eptir öllum ofnum í bænum og eldstóm, hvort svo sé frá þeim gengið, að enginn eldsvoði geti af þeim hlotist, og ofnar og reyksháfar nægilega hreinsaðir.

Slökkviliðsstjóri skal og hafa eptirlit með því, að þúðr og aðrir eldnæmir hlutir séu svo geymdir, að tjón geti eigi af hlotist. Vanræki hlutadeigendr eitthvað í þessum efnum, skal hann þegar skýra bæjarfógeta frá, og dregja bæjarfógeti hlutadeigendr til ábyrgðar fyrir vanrækt sína. Þá er eldsvoði kemr fyrir, skal slökkviliðsstjóri eptir samkomulagi við bæjarfógeta kveða á um, hversu vatnssprautum skal við koma, og hverjar aðrar ráðstafanir gjöra skuli, til að slökkva eldinn, en sérilagi þarf hann að fá samþykki bæjarfógeta til að láta rífa niðr nokkurt hús, ef nauðsyn ber til þess, til að varna útbreiðslu eldsins.

5. grein.

Bæjarstjórnin skipar alla fyrirlíða slökkviliðsins, æðri sem lægri, eptir uppástungum eldsvoðanefndarinnar. Bæjarstjórnin vikt og fyrirlíðunum frá starfi sínu, ef þess er þörf, eða þeir beiðast lausnar, eptir tillögum eldsvoðanefndarinnar.

6. grein.

Slökkviliðinu skal skipt í 4 aðalsveitir: 1. hið eiginlega slökkvilið, 2) húsrifslíð, 3. bjarglíð, og 4. lögreglulíð. Skipting þessi skal gjörð af eldsvoðanefndinni, og semr hún nákvæmari reglur um það.

7. grein.

Til hins eiginlega slökkviliðs, teljast allir þeir, sem skipaðir eru við sprauturnar, og sömuleiðis allir þeir, sem skipaðir eru til aðflutnings á vatni. Yfir það líð skal skipaðr, undir yfirstjórn slökkviliðsstjórans, einn sveitarhöfðingi, og gengr hann í stað slökkviliðsstjórans í forföllum hans. Hann skal sérstaklega hafa eptirlit með því ásamt slökkviliðsstjóranum, að öll slökkvitöl séu í góðu standi, að liðsmenn gjöri þau verk, sem þeim eru fyrirskipuð. Hann hefir svo marga undirsveitarhöfðingja, flokkstjóra og bunumeistara, sem eldsvoðanefndinni þykir nauðsyn til bera, og einn undirsveitarhöfðingja umfram, er gengr í stað sveitarhöfðingjans í viðlögum. Við hverja sprautu skulu og skipaðir, ef auðið er: 1. söðlasmiðr eðr skósmiðr; er ávalt skal hafa með sér nauðsynleg áhöld til að bæta smáskemdir á sprautunum, ef svo stendr á.

2. járnsmiðr með verkfærum sínum, og

2) Breytt af landshöfðingjanum.

3. flátasmiðr (beykir) með sínum tólum, auk annara, sem nauðsyn ber til.

8. grein.

Í húsrífsveitina skulu skipaðir svo margir menn, sem bæjarstjórnin ákveðr, eptir undirlagi eldsvoðanefndarinnar. Skulu í hana einkum skipaðir trésmiðir, og skulu þeir skyldir til, þegar eldsvoða ber að, að leggja sjálfir til og hafa með sér axir og önnur töl, sem til húsrífs þurfa. Til þessarar sveitar teljast og þeir, er skipaðir eru til að flytja brunastiga og önnur áhöld, sem til húsrífs þurfa. Fyrir þessari sveit ræðr 1 sveitarhöfðingi, og hefir hann svo marga undirsveitarhöfðingja sér til aðstoðar, sem eldsvoðanefndin kveðr á.

9. grein.

Bjargliðið skal gjöra alt, sem í þess valdi stendr, til að bjarga gózi og mönnum, ef eldsvoða ber að höndum. Skal í þá sveit velja hina áreiðanlegustu menn, og skal fyrir henni ráða einn sveitarhöfðingi, og hefir hann tvo undirsveitarhöfðingja sér til aðstoðar, en bæjarstjórnin kveðr á, eptir tillögum eldsvoðanefndarinnar, hversu fjölskipuð þessi sveit skuli vera. Bjargmenn skulu gefa því nákvæmar gætry að munir þeir, sem bjargað er, skemmist eigi af illri meðferð, og flytja þá á hagkvæman stað eptir því, sem sveitarhöfðinn fyrirskipar.

10. grein.

Bæjarstjórnin kveðr á um það, eptir tillögum eldsvoðanefndarinnar, hversu fjölskipuð lögreglusveitin skuli vera. Lögreglustjóri ræðr því, hversu sveit þessi skuli notuð, til að viðhalda góðri reglu í bænum við eldsvoða, sjá fyrir greiðum gangi að eldinum til aðflutnings á vatni og burtflutnings muna þeirra, sem bjargað er, og annast um, að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennr, eða flytji þaðan neitt á braut.

11. grein.

Auk þeirra 4 sveita, sem þegar eru nefndar, skulu skipaðir svo margir brunabóðar, sem eldsvoðanefndin telur þörf til vera. Skulu þeir eptir tilhlutan slökkviliðsstjórans eða lögreglustjórans kalla saman slökkviliðana, þá er eldsvoða ber að höndum, hvört heldr er á nótt eða degi. [Það er skylda hvers eins, sem verðr var eldsuppkomu í einhverju húsi bæjarins, og sérstaklega nætrvarðarins á nóttunni, að skýra þegar lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra frá eldsvoðanum, er hann verðr hans var³⁾.

12. grein.

Slökkviliðið skal sem einkenni hafa svartar húfur.

1. Hið eiginlega slökkvilið skal hafa um húfur sínar rauðan borða með tölu á,
2. Húsrífsliðið skal hafa gulan borða um húfur sínar með tölu á,
3. Bjargliðið skal hafa hvítan borða og tölu á,
4. Lögregluliðið skal hafa lítinn látúnsskjöld á brjósti, sem bæjarstjórnin ákveðr, hversu vera skuli.

Auk þess skulu flökkstjórar hafa einfalda silfrsnúru um húfuna, undirsveitarhöfðingjar mjóan silfrborða, sveitarhöfðingjar skulu ístað klæðisborða hafa silfrborða um húfuna með herkulmi (kokarde) eins litu og borðinn er á húfu sveitar hans. Slökkviliðstjóri skal hafa gullborða um húfu sína. Höfuðföt allra óbreyttra liðsmanna kostar bæjarsjóðr, og sömuleiðis brjóstskildi lögregluliðsins.

13. grein.

Eldsvoðanefnd skal stofnuð í Reykjavík, og skulu í henni sitja bæjarfógetinn og vera formaðr hennar, slökkviliðsforinginn og 3 bæjarfulltrúar, sem bæjarstjórnin til þess kys.

3) Breytt af landshöfðingjapum.

24
31sta
október.

Nefnd þessi skal, auk þess sem hér að framan er talið til starfa hennar, á ári hverju semja áætlun um útgjöld til brunamála á næsta ári, og leggja fyrir bæjarstjórnina, og verja því fé, sem veitt er, á haganlegastan hátt, sjá um, að allt það, sem slökkviliðið snertir, sé í sem bestri reglu, og hafa eptirlit með, að allir gegni skyldu sinni, og hegni verði fyrir alla óhlyðni, vanrækt og aðrar yfirsjónir í þeim efnum, er að brunamálum lúta. Í þessu ályktuðu er til nefndar bæjarstjórn Reykjavíkrkaupstaðar 15. október 1874. Jón Jónsson, Jón Steffensen, Einar Þórðarson, H. Kr. Friðriksson, Ó. Finsen, Magnús Stephensen, Jóh. Ólsen, G. Þórðarson.

Samkvæmt 9. grein í tilskipun um ábyrgð fyrir eldsvoða frá 14. febrúar p. á. árið staðfestist framanritað frumvarp með breytingum þeim, er nú skal telja, sem reglugjörðin um slökkvilið Reykjavíkrkaupstaðar. Í fyrsta grein reglugjörðarinnar orðist þannig: „Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, að undanskildum konunglegum dæmi, bættismönnum og bæjarstjórum, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði bæjarins frá því þeir eru 18 vetra, uns þeim eru fimmtugir, nema sjúkaleikr hamli.“ Þegar eldsvoði kemr þupp skulu allir verkfærir karlmennna fundæmi kaupstaðarins vera skyldir að koma til brunans og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóranum eða aðstoðarmönnum hans.

Í fjórðu grein breytist öðrum málslíði á þenna veggna: „Hann ritar skrá yfir alla þá bæjarbúa, sem tekuir verða til slökkviliðsþjónustu, en eldsvoðanefndin heild sýni ákveðin samkvæmt 1. stö. grein reglugjörðarinnar, hverjir þessir eigi að vera.“ Skrá þessa á að leiðrétta um hvert nýár, og skal bæjarstjórninni sent eptirlit af henni.

3. Hinum síðasta málslíði í *ellestu* grein skal slept úr, og í stað hans skipist svo fyrir: „Þar að auki er það skylda nætrvæðanna undir eins og þeim verða varir eldsuppkomu að vekja þá, sem eru í húsi því, er eldrinn er uppi í, að hefja brunakall til að vekja sem flesta slökkviliða, og að skýra sem fyrst lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra frá eldsvoðanum.“ Nákvæmari reglur um þessar skyldur nætrvæðanna sem lögreglustjórnin.

Um slökkvitól þau, sem kaupstaðrinn á að hafa til og viðhalda, ber bæjarstjórninni að semja viðbæti við þessa reglugjörð og skal leggja innan 31. desbr p. á. frumvarp til slíks viðbætis undir samþykki landshöfðingja.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 31. dag októbrmáni 1874.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Bréf landshöfðingjans (til biskupsins).

25
6ta
nóvbr.

Í bréfi frá 31. f. m. hafið þér háeruverðugi herra spurt, hvort ekki mundi óhætt nú, þegar húsinn í Reykjavíkrkaupstað er tryggt gegn eldsvoða í hinu almenna brunabótafélagi kaupstaðanna í Danmörku, að lána út fé af hinum opinberu sjóðum, sem eru undir umsjón yðar eða stiptsýrvaldanna, gegn veði í slíkum húsum, og þá í hverju hlutfalli upphæð lánsins skuli standa við þá upphæð, er veðið er trygt fyrir.

Út af þessu skal yðr hér með þjónustusamlega tjáð, að eg álit það óhætt að lána út fé opinberra stofnana gegn fyrsta veðrétti kaupstaðarhúsum, sem eru tryggt gegn eldsvoða á ofan nefndan hátt, og þegar um slíkt lán er að ræða, að eg gæta hinnar almennu reglu í opnu bréfi 10. apríl 1795 2. gr. um, að upphæð lánsins megi ekki fara fram úr